

**121** 28. júlí. ríður á, að verði fylgt fram með strangleika, að kyrrsetja skipið meðan á rannsókninni stendur og jafnvel þangað til málið er útkljáð, einkum ef skipið á ekki heima hjer á landi, og því er hætt við, að skipið komist undan allri ábyrgð, ef því er sleppt. Hins vegar getur lögreglustjóranum ekki borið vald til að hepta ferðir skipa þeirra, er hafa orðið sek í lagabroti eða óreglu fram yfir þann tíma, er nauðsynlegur er til að útkljá mál þau, er rísa af slíkri óreglu.

**122** 28. júlí. — *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um vitagjald.* — Út af fyrirspurn yðar, herra sýslumaður, um skilning á orðunum «fram hjá Reykjanesi» í 1. gr. laga um vitagjald frá 10. oktbr. f. á. vil jeg tjá yður það er nú segir:

1. Eg verð að álita öll þau skip skyld til að greiða vitagjald sem koma hingað frá útlöndum fyrir sunnan og vestan land án tillits til þess, hvort þau hafa á leið sinni sjeð Reykjanes eða vitann á því.

2. Af skipum þeim, sem koma norðan um land og ekki hafa síðan á fiskiveiða-ferðum eða öðrum ferðum farið suður fyrir Reykjanes, er engin heimild til að heimta vitagjald, nema því að eins að það sje ljóst við afgreiðslu slíkra skipa, að þau ætli suður fyrir Reykjanes.

**123** 28. júlí. — *Brief landshöfðingja til póstmeistara um týnda póstsendingu.* — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 21. f. mán. ritað mjer á þessa leið: «Í þóknalegu brjefi frá 13. apríl þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt frá því, að þegar norðanpósturinn kom til Reykjavíkur 25. janúar þ. á. hafi í póstsendingar þær, er fara áttu á pósthúsið þar, vantað ljereptspoka merktan P. B. með 200 kr. í gulli í, er sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu hafði afhent póstafrgreiðslunni á Seyðisfirði, og sem átti að fara til yðar, og hafi það ekki heppnast síðan að spyrja uppi sendingu þessa, og skjótið þjer nú spurningunni um endurgjaldsskyldu póststjórnarinnar í þessu tilliti undir úrskurð ráðgjafans.

Fyrir því undanfelli jeg ekki að tjá yður þjónustusamlega til þóknlegrar leiðbeiningar og frækari ráðstafanar, að hina glötuðu sendingu ber samkvæmt 13. gr. tilsk. um póstmál á Íslandi frá 26. febr. 1872 að endurgjalda þeim, er afhenti hana, og ber að taka endurgjald þetta af fje því, sem veitt er með 11. gr. 3 fjárlaganna.

Í sambandi hjer með skal eigi látið undan falla að vekja athygli yðar, herra landshöfðingi, á hinn óhaganlegu meðferð, er hin glataða peningasending hefir orðið fyrir af hendi póstafrgreiðslumannsins í Seyðisfirði, þar eð hann hefir fest ljereptspoka þann er peningarnir voru í, í eitt horn pósttöskunnar, og segir nefndur póstafrgreiðslumaður, að þetta fyrirkomulag sje föst regla hjá sjer. Út af þessu, vil jeg þjónustusamlega skora á yður, herra landshöfðingi, að hlutast til um, að brýnt verði fyrir hlutaðeigandi póstmönnum að gæta hinnar nauðsynlegu varfærni í meðferð sinni á peningasendingum og öðrum áriðandi smásendingum, og skal í þessu tilliti tekið fram, að það virðist haganlegast, að búa um slíkar sendingar í litlum kassa úr trje eða pjátri, áður en þær eru látnar í póstpokann, því annars er hætt við, að þær glatist úr póstpokanum, þegar gat kemur á hann af sliti.»

Jafnframt því að tjá yður þetta, herra póstmeistari, til þóknlegrar leiðbeiningar og eptirbreytni vil jeg þjónustusamlega skora á yður að hlutast til um, að póstafrgreiðslumenn hafi eptirleiðis sjerstakar umbúðir úr trje, pjátri eða öðru hentugu efni utan um allar peninga og ábyrgðarsendingar, svo að ekki verði hætt við, að póststjórnin verði opt-